

AUGLÝSING

um 2 breytingar á deiliskipulagi í Reykjadal, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 10. maí 2006 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalandarvegi að Húsadal. Breytingin felst í færslu á 5 lóðum við G-húsagötu til suðausturs, breytingu á legu götunnar og fjölgun um eina lóð vestan/norðan hennar. Jafnframt færslu lóðanna færist reiðstígur til suðausturs.

Þá samþykkti bæjarstjórn þann 6. júní 2006 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga breytingu á deiliskipulagi við Blómvang. Breytingin felst í því að lóðinni Reykjamelur 11 er skipt upp í tvær einbýlislóðir.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 2. ágúst 2006.

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. ágúst 2006